

Dagskrá 83. fundar háskólaráðs Háskólans á Hólum, **25. febrúar kl. 10:30-11:44** á Teams.

Fundinn sátu: Erla Björk Örnólfsdóttir, Guðrún Stefánsdóttir, Jón E. Friðriksson, Laufey K. Skúladóttir, Sveinn Margeirsson og Sigríður Sigurðardóttir, sem ritaði fundargjörð.

Dagskrá fundar:

1. Samþykkt fundargerðar.
2. Rekstraráætlun háskólans, Edda M. kemur inn á fundinn.
3. Önnur mál.

Rektor bar dagskrá fundar upp til samþykkis, sem var gert.

1. Fundargerð 82. fundar háskólaráðs var samþykkt.  
Samkvæmt þriðja lið þeirrar fundargerðar átti eitt af hlutverkum þessa fundar vera að samþykkja valnefnd fyrir ráðningu nýs rektors. Þann 27. janúar 2022 lagði rektor fram tillögu um að fá Guðbjörgu Lindu Rafnsdóttur, Sigurð Kristinsson og Skúla Skúlason í valnefndina með þessum orðum: „*Má ég biðja ykkur um að taka afstöðu til hjálagðrar tillögu að skipan valnefndar fyrir lok vinnudags 28. janúar 2022.*“ Tillagan var samþykkt.
2. Farið var yfir endurunna rekstraráætlun fyrir árið 2022. Edda Matthíasdóttir, sviðsstjóri MGR (Mannauðs, gæða og rekstrar), fór yfir hana og útskýrði hvernig hún var endurunnin og uppbyggð. Ráðuneytið samþykkti ekki þá áætlun sem kynnt var á 82. fundi ráðsins. Í þessari nýju áætlun er gert ráð fyrir mikilli hagræðingu og bættri kostnaðarstjórnun. Til að dæmið gangi upp verða allar deildir að mæta töluverðum skerðingum, sem m.a. felast í lækkun á launakostnaði og aðkeyptri þjónustu og að ekki verður farið í neinar nýjar fjárfestingar, nema til komi sjálfsaflafé. Ljóst er að áhættan er mikil þar sem reksturinn var þröngur fyrir og kostnaðarhagræðingin er um þær 50 millj. kr., sem út af stóðu samkvæmt áætluninni sem fram var lögð á háskólaráðsfundi þann 18. janúar sl. Áformaðar aðgerðir til hagræðingar minnka þanþol rekstursins sem má ekki við neinum óvæntum kostnaðarliðum.  
Nokkur umræða var um hvernig áætlunin var unnin sem og varð mikil umræða um möguleika skólans í þessari stöðu og var niðurstaðan sú að skólinn hefði fá ráð önnur en þau að allir legðust á eitt um að afla sértekna. Mikilvægt væri að beita heildinni og auknu samstarfi til að sækja fram. Þá þarf sömuleiðis að vekja áhuga á námsframboði skólans til að laða að fleiri nemendum. Rekstraráætlunin var samþykkt með öllum atkvæðum, nema Guðrúnar Stefánsdóttur, sem sat hjá.
3. Önnur mál. Tveir fulltrúar þurftu að hverfa af fundinum og var öðrum málum frestað til næsta fundar.